

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Bæjarstjórn Kópavogs hefur ákveðið, samkvæmt tillögum umferðarnefndar kaupstaðarins, að hannaðar verði bifreiðastöður svo og stöðvun bifreiða á aðalbrautinni Vogatungu—Dalbrekku — utan afmarkaðra bifreiðastæða á götunni.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 6. janúar 1969.

Ólafur St. Sigurðsson, ftr.

24. janúar 1969.

Nr. 5.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarkaupstað,
nr. 2, 3. janúar 1966.

1. gr.

Hafnargjöld samkvæmt X. kafla reglugerðarinnar (48. gr. — 66. gr.), að undanskildum vörugjöldum af lönduðum afla fiskiskipa samkvæmt 1. og 2. flokki vörugjaldskrárinnar í 63. gr. hækki um 20 af hundraði (20%).

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 24. janúar 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.

24. janúar 1969.

Nr. 6.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 18, 22. janúar 1966, um breytingu
á hafnarreglugerð fyrir landshöfnina í Keflavík og Njarðvíkum.

1. gr.

Gjöld þau, er getur í VII. kafla (30.—49. gr.), hækki um 20 af hundraði (20%) frá því sem ákveðið er í nefndri reglugerð nr. 18 22. janúar 1966.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, og lögum um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi, nr. 23 6. maí 1955, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 24. janúar 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.